

Skólaráðsfundur 19. okt 2021

Mættir: Líney Björg Sigurðardóttir, Fiona Oliver, Guðrún Helga Sigfúsdóttir, Björg Sigrún Ólafsdóttir, Hrefna Margrét Hjaltadóttir, Sölvi Hrannar Jóhannesson og Júlía Mekkín Guðjónsdóttir

1. Skólanámskrá Víkurskóla kynnt.
2. Niðurstöður úr lesfimiþrófum kynntar og læsisstefna Grafarvogs og Kjalarness skoðuð aðeins. Puríður kallar eftir hugmynd frá skólaráði varðandi slakar niðurstöður úr lesfimiþrófum - hvað er hægt að gera til að auka áhuga nemenda á lestri? Umræður um lestrarhvatningu það kom fram að það væri gott að það sé yndislestur, bækur sem nemendur þurfa að lesa heima fyrir skólann. Ein hugmynd að láta nemendur lesa í korter í kennslustundum.
3. Skólaráðið er beðið um umsögn varðandi menntastefnu Reykjavíkur. Ræddir punktar sem Svanhildur, fulltrúi grenndarsamfélagsins, lagði til. ÞÓ ætlar að vinna upp úr þessum punktum og senda skólaráðinu til umsagnar.
4. Rætt um formið á fundunum - samþykkt að hafa í bland fjarfundi og fundi í raunheimum. Stefnt á að hafa einn fund fyrir áramót sem er ekki á teams.
5. Puríður sendi fundarmönnum starfsáætlun skólans fyrir fundinn og var hún samþykkt.
6. Önnur mál
 1. Fyrirspurn um skápa fyrir nemendur - þeir eru komnir í ferli - en ekki vitað hvenær þeir verða settir upp. En Puríður heldur áfram að ýta á eftir því.
 2. Öryggismyndavélarnar eru komnar í ferli og það er byrjað að leggja fyrir þeim. Það þarf að kynna þessa framkvæmd fyrir nemendum og foreldrum og íbúum í nágrenninu - en vonandi verða þær komnar upp fyrir áramót.
 3. Puríður segir frá Grósku verkefni Reykjavíkurborgar. Chromebook vélar koma vonandi á næstu vikum - nýjar vélar í 8. og 9. bekk og eldri vélar í 10. bekk
 4. Rætt um opnu húsin og fundarmenn voru sammála um að þau hafi gengið vel og verið skemmtilegt að opna skólann fyrir foreldrum.
 5. Rætt um upptökur nemenda á öllu mögulegu innan skólans - það virðist vera fyrsta hugsun hjá nemendum að taka myndband af því sem gerist en ekki t.d. sækja aðstoð. Rætt um persónuverndarsjónarmið í þessu. Foreldrafélagið er tilbúið að borga fyrir fræðslu um stafræna borgaravitund og persónuvernd.

Fundi slitið klukkan 8:55

Fundarritari Vala Nönn